

Mikið brotthvarf er hins vegar á BA námsleiðinni eins og meðal annars kom fram í sjálfsmatskýrslu Íslensku- og menningardeildar frá árinu 2018 (Faculty of Icelandic and Comparative Cultural Studies, 2018: 102). Nemendafjöldinn um það bil helmingast milli fyrsta og annars árs, og svo aftur milli annars og þriðja árs. Í skýrslusafni Háskólans má sjá svokallað brautskráningarhlutfall, sem er hlutfall brautskráðra nemenda í grunnnámi af þeim sem hófu nám fjórum árum fyrr og luku þá að minnsta kosti sex einingum. Þar má sjá að brautskráningarhlutfallið í Íslensku sem öðru máli BA hefur haldist nokkuð stöðugt í kringum 16% frá árinu 2016, sem er það ár sem gögnin ná aftur til (*Vörubús – skýrslukerfi*). Sama hlutfall meðal grunnnema á námsleiðinni Íslenska er mun hærra, eða að meðaltali 46% yfir sama tímabil, en 53% í Háskóla Íslands sem heild að meðaltali.

Þessi rannsókn miðaði að því að varpa ljósi á ástæður þessa lága brautskráningarhlutfalls á námsleiðinni til þess að geta nýtt niðurstöðurnar til úrbóta í framhaldinu. Undirmerkið var að kortleggja fjölbreytileika nemendahópsins og samsetningu hans. Nýmæli rannsóknarinnar fólust í því að gera í fyrsta sinn spurningakönnun meðal núverandi og fyrrverandi nemenda í BA námi í Íslensku sem öðru máli á ástæðum þess að þau hafa hætt, eða ætla að hætta, námi við námsleiðina eftir eitt eða tvö ár.

Fyrri rannsóknir á efninu

Flóknar og margþættar ástæður geta haft áhrif á það hvort háskólanemi lýkur námi með gráðu eða hættir því. Vincent Tinto (1975) var brautryðjandi í því að tengja brotthvarf nemenda við þau kerfi sem háskólar eru samansettir úr, s.s. skipulagi akademíunnar sjálfrar. Fram að þeim tíma hafði skuldinni gjarnan verið skellt á nemendur og skýringa helst leitað í skorti á námshæfileikum þeirra sem heltust úr námi. Kenningar Tinto snúast um mynstrið sem myndast í sambandi nemandans og menntastofnunarinnar; þeir nemendur sem ná að aðlagast skólaumhverfinu og finnst þeir tilheyra því bæði félagslega og akademískt eru ólíklegri til að hætta (Tinto, 1975; 1987). Á liðnum áratugum hefur skilningur enn aukist á því hvernig ýmsar félagslegar, menningarlegar, efnahagslegar og stofnanalægar breytur, í samspili við einstaklingsbundna þætti, hafa áhrif á ákvörðun nemenda um að hætta námi fyrir útskrift (Shah, Kift og Thomas, 2021). Háskólar um allan heim glíma við brotthvarf og hefur það töluvert verið rannsakað. Vandamálin geta verið nokkuð ólík milli svæða, en helstu sameiginlegu þættirnir í niðurstöðum rannsókna síðustu ára ríma mjög vel við upphaflegar niðurstöður Tinto; að háskólanemar séu ólíklegri til að hætta námi ef þeim finnst þeir tilheyra hópi í háskólanum og skólanum sem stofnun, og að þetta sé mikilvægasti einstaki þátturinn sem spornar gegn brotthvarfi þeirra úr námi (Aljohani, 2016; Thomas, 2012).

Háskóli Íslands gerir reglulega kannanir á gæðum námsins meðal þriðja árs grunnnema. Þessar kannanir sýna að mikill meirihluti þriðja árs nema í Íslensku sem öðru máli er ánægður með gæði námsins, eða 80% að meðaltali síðastliðin þrjú ár, sem er svipað hlutfall og í háskólanum öllum (Helgi Guðmundsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2023). Hins vegar nær þessi könnun ekki til brotthvarfsnemendanna sem eru hættir áður en þriðja árið hefst.

Engin könnun hefur verið gerð á orsökum brotthvarfs meðal nemenda af erlendum uppruna við Háskóla Íslands, en gerð hefur verið rannsókn þvert á nemendahóp háskólans á ástæðum þess að nemendur hætta námi (Heiður Hrunn Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson, 2008). Þar kom fram að dæmigerður brotthvarfsnemandi vinnur með náminu, tekur lítinn þátt í félagslífi skólans og hrökklast úr námi vegna fjárhagslegra og persónulegra aðstæðna, að eigin sögn. Íslenskar rannsóknir benda til þess að það tengslanet sem háskólanemar mynda við aðra nemendur í náminu hafi forspárgildi varðandi líkur á brotthvarfi; líkurnar minnka eftir því sem tengslanet nemenda er stærra (Magnús Þór Torfason og Margrét Sigrún Sigurðardóttir, 2017). Þá hafa rannsóknir enn fremur sýnt að gott utanumhald um nemendur og markviss stuðningur námsbrautar leiði til betra endurkomuhlutfalls, en það er hlutfall nemenda sem hefja tiltekið nám, ljúka einingum og koma aftur á næsta haustmiseri á eftir (Margrét S. Björnsdóttir, 2013).

Árið 2008 lét Háskólaráð vinna skýrslu um aðgerðir gegn brotthvarfi þar sem er að finna ýmsar leiðir til úrbóta og undirstrikað að rannsóknir sýni fram á bestan árangur með aðferðum sem ýta undir akademíska og félagslega tengingu (e. integration) strax við upphaf náms (*Skýrsla nefndar um inntöku nýnema og aðgerðir gegn brottfalli úr námi*, 2008). Vinnustofur, samvinna, meiri endurgjöf og símat, reglubundin nemendaviðtöl og markvisst utanumhald er meðal tillagna að aðferðum til að sporna gegn brotthvarfinu. Í *Stefnu Háskóla Íslands um gæði náms og kennslu 2018–2021* er rætt um aðgerðir til að efla námssamfélagið, meðal annars til að „stuðla að virkri þátttöku, auka helgun nemenda í námi og draga úr brotthvarfi“. (Háskóli Íslands, 2018: 5). Í því felst meðal annars að huga sérstaklega að nemendum af erlendum uppruna og tryggja utanumhald hópsins.

Brotthvarf BA nemenda í Íslensku sem öðru máli er nokkuð umfram það sem gerist í grunnnámi Háskóla Íslands í öðrum greinum þar sem langflestir nemendur eru með íslenskan bakgrunn (*Vörubús – skýrslukerfi*; Helgi Guðmundsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2023). Þó að engar kannanir hafi verið gerðar hingað til á ástæðum þessa hafa verið gerðar rannsóknir meðal framhaldsskólanema á Íslandi sem sýna að brotthvarf er meira meðal erlendra nemenda en nemenda af íslenskum uppruna (Ólöf Garðarsdóttir, Eyrún María Rúnarsdóttir og Guðjón Hauksson, 2022). Þetta er í samræmi við stöðuna í öðrum Evrópulöndum og hefur mikil áhersla verið lögð á að minnka þetta brotthvarf (Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, 2022). Ástæðurnar fyrir brotthvarfinu eru margvíslegar en bent hefur verið á að þarna vegi þungt félagslegar og efnahagslegar áskoranir sem margt fólk af erlendum uppruna þarf að takast á við, jaðarsetning og minna tengslanet (Eyrún María Rúnarsdóttir og Rúnar Vilhjálmsson, 2015). Í stefnu Háskóla Íslands til ársins 2026 er lögð áhersla á að „stutt verði sérstaklega við nemendur af erlendum uppruna og áhersla lögð á fjölbreytileika nemendahópsins“ (Háskóli Íslands, 2021). Þá má nefna að það er opinber stefna stjórnvalda að þau sem hafa annað móðurmál en íslensku fái jöfn tækifæri til íslenskunáms og stuðning í samræmi við þarfir, með áherslu á aðgerðir sem jafna tækifæri þessara nemenda til náms (Þingskjal nr. 1750/2019; sjá einnig Íslensk málnefnd, 2023).

Inngilding er hugtak sem nær yfir vítt svið, en inngildandi nálgun í kennslu getur meðal annars varðað það hvernig kennslan er skipulögð og aðgengi að henni (til dæmis hvað varðar kennslu-áætlanir, stundaskrá, möguleikann á fjarnámi), einnig að kennsluáðferðir og önnur samskipti og þjónusta við nemendur taki mið af því að nemendahópurinn sé fjölbreyttur (Thomas, 2021; Mann 2001). Ítrekað hefur verið sýnt fram á sérstakt mikilvægi þess að beita inngildandi kennsluáðferðum og námsskipulagi þegar um fjölbreytta nemendahópa er að ræða, til að auka þátttöku og ýta undir akademísk og félagsleg tengsl, og þar með vinna gegn brotthvarfi í þessum hópi sem er líklegri en aðrir til að hverfa frá námi án þess að ljúka því (Thomas, 2021; Mann, 2001). Meiri upplýsingar um samsetningu nemendahópsins í Íslensku sem öðru máli og sérstakar þarfir hans gætu skipt miklu máli varðandi skipulag námsins og stuðning við fjölbreyttan nemendahóp (Thomas, 2021). Því er áriðandi að skólinn sem stofnun og kennarar hafi góðar upplýsingar um markmið nemenda sinna og þekki nemendur sína vel. Þó að engin samantekt hafi hingað til verið gerð á samsetningu nemendahópsins í Íslensku sem öðru máli er ljóst að hann er langt frá því að vera einsleitur. Þá má búast við að aðfluttir nemendur með fasta búsetu á Íslandi hafi minna tengslanet og þar með minni samfélagslegan stuðning en þeir nemendur skólans sem hafa alist upp á landinu. Kortlagning nemendahópsins auðveldar vinnu við að þróa og innleiða fjölbreyttari og nemendamiðaðri aðferðir sem ýta undir virkni og þátttöku nemenda, ásamt fleiri aðferðum sem geta aukið endurkomuhlutfallið í hópnum (Shah, Kift og Thomas, 2021; Thomas, 2012).

Markmið og rannsóknarspurningar

Í sjálfsmatsskýrslu Íslensku- og menningardeildar frá 2018 (Faculty of Icelandic and Comparative Cultural Studies, 2018) og meðal kennara og skipuleggjenda námsleiðarinnar Íslensku sem annars máls hafa verið nefndar mögulegar skýringar á miklu brotthvarfi við námsleiðina. Meðal þeirra eru að forsendur nemenda og markmið með náminu séu ólík, nemendahópurinn sé sundurleitur, margir hyggi aðeins á eins árs nám til að ná tiltekinni færni, nemendur fái ekki nægar upplýsingar um

möguleika á aukagreinum eða frekara námi, nemendur átti sig á að námið á öðru og þriðja ári henti þeim ekki, það vanti ýmsan stuðning (sérsniðna náms- og starfsráðgjöf, auðveldara aðgengi að hagnýtum upplýsingum, til dæmis), þau vinni mjög mikið með náminu og margir hafi börn á framfæri sínu. Einnig geti verið að fækkun milli ára skýrist að hluta til af því að sumir nemendur skipti þá yfir í aðra grein eða aukagrein.

Þar sem þetta hefur ekki verið kannað með markvissum hætti var meginmarkmið þessarar rannsóknar að varpa ljósi á helstu ástæður brotthvarfs við námsleiðina, í þeim tilgangi að nýta niðurstöðurnar í framhaldinu til að finna bestu leiðirnar til að sporna við því. Undirmarkmið var að kortleggja fjölbreytileika hópsins og afla betri upplýsinga um samsetningu hans. Eftirfarandi rannsóknarspurning með þremur undirspurningum lágu til grundvallar rannsókninni:

Hvernig skýra nemendur sem hafa hætt eða ætla að hætta í BA námi í Íslensku sem öðru máli eigið brotthvarf?

Hvert er markmið nemenda með náminu?

Hvað einkennir samsetningu nemendahópsins í samanburði við aðra grunnnema við Háskóla Íslands?

Er fylgni milli bakgrunnspátta (aldurs, kyns, atvinnuþátttöku, fjölskyldustærðar, upprunaheimsálfu, tungumálafjölskyldu móðurmáls, námsstöðu og skráningartíma í nám) og brotthvarfs?

Aðferð

Þátttakendur

Spurningakönnun var send rafrænt til allra nemenda sem hafa skráð sig í BA nám í Íslensku sem öðru máli síðastliðin tíu ár (2013 til 2023). Samtals var fjöldi í þýði 1150 nemendur (Stefán Þór Gunnarsson, 2023). Könnunin var framkvæmd af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands með styrk úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands.

Af þessum fjölda voru 340 (29,6%) í námi við námsleiðina þegar könnunin fór fram, 114 (9,9%) voru brautskráðir frá námsleiðinni og 696 (60,5%) voru ekki lengur skráðir í námið og höfðu ekki brautskráðst frá námsleiðinni. Ekki var hægt að greina hvort þeir nemendur hefðu skipt á aðra námsleið við Háskóla Íslands eða aðra háskóla.

Vinnuhópur fjögurra kennara við námsleiðina (Mirko Garofalo, Gísli Hvanndal, Brynja Þorgeirsdóttir, Jón Karl Helgason) vann að þróun spurningalistans með verkefnisstjóra Félagsvísindastofnunar (Stefáni Þór Gunnarssyni).

Framkvæmd

Gagnaöflun vegna spurningakönnunarinnar fór fram 18. september til 18. október 2023. Könnunin var vefkönnun þar sem hlekkur var sendur þátttakendum í tölvupósti á netfangalista Íslensku- og menningardeildar og þeim boðið að taka þátt. Allt að fjórar ítrekanir voru sendar með tölvupósti á þau sem ekki höfðu svarað spurningalistanum og að lokum voru send SMS skilaboð.

Fjöldi svarenda var 431. Svarhlutfall var því 37,5%. Þeir sem voru í náminu þegar könnunin var lögð fyrir voru líklegri til að svara, en svarhlutfall meðal þeirra var 55%. Til samanburðar var svarhlutfall meðal þeirra sem höfðu hætt á námsleiðinni 28%. Svarhlutfall meðal kvenna var 41%, sem var hærra en meðal karla þar sem svarhlutfallið var 29%. Ekki var marktækur munur á svarhlutfalli eftir aldri.

Svarendur gátu valið hvort þau svöruðu könnuninni á ensku eða íslensku. Sex spurningar voru lagðar fyrir alla þátttakendur: um ástæður þeirra fyrir náminu, vinnu með námi, börn á framfæri, hversu vel eða illa námið hafi gagnast þeim, tungumálafjölskyldu móðurmáls og heimsálfu upprunalands. Þau sem voru í náminu þegar könnunin var lögð fyrir voru að auki spurð hvort þau stefndu að því að ljúka því með BA gráðu. Tvær spurningar til viðbótar voru lagðar fyrir þá sem ætluðu að hætta eða voru hættir námi án þess að brautskrást: hvers vegna þau hættu námi eða ætluðu að hætta, og hvort annars konar skipulag námsleiðarinnar myndi/hefði auðvelda/ð þeim að ljúka því. Ýmist var hægt að velja milli svarmöguleika eða merkja við allt sem við átti.

Þá gafst þátttakendum færi á að svara alls þremur opnum spurningum: um nánari ástæður þess að þau hættu námi við námsleiðina eða stefndu ekki að því að ljúka henni með BA gráðu; um hvort öðruvísi skipulag námsins myndi auðvelda þeim að ljúka gráðunni; og að lokum gátu svarendur komið því á framfæri sem þau vildu um námið. Alls bárust 236 svör við þessum þremur opnu spurningum í fimmtán þúsund orðum samtals. Svörin sem vitnað er til í þessari grein hafa verið gerð ópersónugreinanleg og svör á ensku hafa verið þýdd á íslensku af greinarhöfundum.

Úrvinnsla

Félagsvísindastofnun annaðist tölfræðilega úrvinnslu á niðurstöðum könnunarinnar og greinarhöfundur gerði þemagreiningu á svörum þátttakenda við opnum spurningum.

Í skýrslu Félagsvísindastofnunar (Stefán Þór Gunnarsson, 2023) voru niðurstöður birtar í töflum sem sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnspáttum: kyni, aldri í þremur flokkum, hvort fólk væri með barn eða börn á framfæri meðan á náminu stóð, hvort fólk var í vinnu meðfram náminu, tungumálafjölskyldu móðurmáls, heimsálfu sem það á uppruna sinn í, námsstöðu og ári skráningar í námið. Í töflum og myndum voru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurninga og því var ólíkur fjöldi svara á bak við hverja töflu og mynd. Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Í sumum tilfellum náðist ekki tölfræðileg marktækni vegna fámennis í einstökum hópum svarenda.

Svörin við opnu spurningunum voru þemagreind til að varpa nánara ljósi á niðurstöður, en þemagreining er aðferð til að skipuleggja og lýsa eigindlegum gögnum (Braun & Clarke, 2006). Í aðferðinni felst að bera kennsl á og greina þá þræði sem fram koma í eigindlegum gagnasöfnum og skýra rannsóknarefnið. Svörin eru skipulega kóðuð í samræmi við markmið rannsókna og flokkuð. Þau mynstur sem koma fram og eru lýsandi fyrir rannsóknarspurningarnar eru loks túlkuð til að dýpka og skýra upplýsingar um reynslu svarenda af því sem spurt er um.

Niðurstöður

Í kaflanum verður sjónum fyrst beint að niðurstöðum sem snúa að samsetningu nemendahópsins í samanburði við aðra nemendahópa og mögulega fylgni bakgrunnspátta við brotthvarf. Þá verður rætt um markmið nemenda með náminu, skýringar nemenda á eigin brotthvarfi og aðrar niðurstöður sem varpa ljósi á ástæður þess að þau hætta án þess að ljúka náminu með útskrift.

Samsetning nemendahópsins

Konur eru mikill meirihluti nemendahópsins. Sjö af hverjum tíu nemendum í þýðinu eru kvenkyns. Þetta er örlítið hærra hlutfall en meðal allra grunnema í Háskóla Íslands, en þar er hlutfall kvenna 66% (*Vöruhús – skýrslukerfi*).

Alls eru 80% nemenda í þýðinu á aldrinum 26–45 ára, og er meðalaldur núverandi nemenda 36 ár. Núverandi nemendur eru því að meðaltali tæpum áratug eldri en meðalgrunneminn í íslenskum háskólum, en sá nemandi er 27 ára samkvæmt gagnagrunni Eurostudent, sem byggir á könnunum á

efnahagslegum og félagslegum aðstæðum háskólanema í tuttugu og átta Evrópulöndum, þar á meðal Íslandi (*Eurostudent Database*).

Þrátt fyrir hærri aldur eru nemendur í Íslensku sem öðru máli ekki líklegri til að vera foreldrar en meðalgrunnneminn í háskólum landsins. Meðal þeirra sem tóku þátt í könnuninni var tæpur fjórðungur (24%) með barn á framfæri. Þetta er nánast sama hlutfall og meðal allra grunnnema í íslenskum háskólum, sem er 23% (*Eurostudent Database*).

Atvinnuþátttaka með námi meðal þátttakenda í könnuninni er mikil. Um 65% unnu sextán klukkustundir eða meira á viku með náminu. Sambærilegt hlutfall (sextán klukkustundir eða meira) meðal allra háskólanema í grunnnámi á Íslandi er lægra, eða 58,3% (*Eurostudent Database*).

Fjöldi þeirra sem vinna með námi eða hafa börn á framfæri sínu er þannig ekki mjög langt frá því sem gerist meðal grunnnema almennt í háskólanámi á Íslandi. Samkvæmt könnuninni vinna þó fleiri nemendur í Íslensku sem öðru máli með náminu og 33% þeirra vinna nær fulla vinnu, eða meira en þrjátíu klukkustundir á viku.

Nemendur koma frá öllum heimshornum en flestir þó frá einhverju Evrópulöndum, eða 64% þeirra sem tóku þátt í könnuninni. Um 19% eru frá Asíu, 11% frá Norður-Ameríku, 5% frá Suður-Ameríku, 2% frá Afríku og 0,5% frá Eyjaálfu. Fólkið talar fjöldamörg mismunandi móðurmál. Helmingur þeirra sem svöruðu könnuninni höfðu annaðhvort slavneskt eða germanskt móðurmál (sjá töflu 1). Fimmti hver nemandi var með rómanskt móðurmál. Þar á eftir komu tungumál sem eru töluð í Suðaustur-Asíu, en þar eru meðal annars Filippseyjar, Víetnam og Taíland.

Tafla 1

Hvert er móðurmál þitt?

Tungumál	Hlutfall
Slavneskt mál (t.d. pólska, úkraínska, rússneska og fleiri)	26%
Germanskt mál (t.d. enska, þýska, hollenska og fleiri)	25%
Rómanskt mál (t.d. franska, spænska, ítalska, portúgalska og fleiri)	19%
Tungumál sem er talað í Suðaustur-Asíu	9%
Tungumál sem er talað í Austur-Asíu	5%
Finnsk-úrgrískt mál (t.d. finnska, eistneska, ungerska og fleiri)	4%
Norrænt mál (t.d. danska, sænska, norska, færeyska)	4%
Baltneskt mál (t.d. lettneska, litáíska)	3%
Tungumál sem er talað í Suður-Asíu	2%
Semískt mál (t.d. arabíska, hebreska og fleiri)	1%
Afrískt mál	1%
Tungumál sem er talað í Mið-Asíu	1%
Tungumál sem er talað í Vestur-Asíu	1%
Inúítamál (t.d. grænlandska)	0%

Engin tölfræðilega marktæk fylgni mældist milli neinna af bakgrunnspáttunum (móðurmáls, aldurs, kyns, barna á framfæri meðan á náminu stóð, vinnu með námi, heimsálfu upprunalands, námsstöðu, skráningarárs í námið) og þess hversu líklegur nemandi er að ljúka námi eða hætta fyrir útskrift, mögulega að hluta til vegna fámennis í sumum hópum.

Ekki var spurt í þessari könnun hvort svarendur væru með fasta búsetu á Íslandi og skilgreini sig sem innflytjendur af fyrstu eða annarri kynslóð, eða hvort þau væru einungis með tímabundna búsetu á


Íslandi vegna náms. Þessi spurning er hins vegar lögð fyrir í reglulegri könnun á gæðum náms við Háskóla Íslands meðal þriðja árs grunnema (Helgi Guðmundsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2023). Árið 2023 svöruðu 80% þriðja árs grunnema í Íslensku sem öðru máli að þau skilgreini sig sem innflytjendur af fyrstu kynslóð, en 16% skilgreindu sig sem af erlendum uppruna en einungis með tímabundna búsetu á Íslandi vegna náms. Samkvæmt þessu eru langflestir nemenda sem ná að komast á þriðja ár með fasta búsetu á Íslandi. Þó að fyrrgreind könnun nái ekki til fyrsta og annars árs nemenda hvað þetta varðar benda svör við næstu spurningu í þeirri könnun sem hér um ræðir til þess að mikill meirihluti allra nemendanna sé með fasta búsetu á Íslandi, enda segjast þau helst fara í námið til að bæta stöðu sína í íslensku samfélagi.

Markmið nemenda með náminu

Þátttakendur voru spurðir hverjar væru helstu ástæðurnar fyrir því að þau hófu námið. Gefnir voru sex möguleikar auk annarrar ástæðu (mynd 1). Svarendur gátu merkt við fleiri en einn möguleika.

Mynd 1

Hverjar voru helstu ástæður þess að þú hófst nám í Íslensku sem öðru máli?




Flest sögðust hefja námið til þess að bæta stöðu sína í íslensku samfélagi – sérstaklega konur, fólk 40 ára og eldra, fólk með barn á framfæri og þau sem vinna sextán klukkustundir eða meira á viku með náminu. Þrjú af hverjum fimm skrá sig til námsins til þess að bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Þrjú af hverjum fimm skrá sig vegna áhuga á tungumálinu. Sá hópur er örlítið öðruvísi samsettur en hinn með tilliti til bakgrunnspátta. Stór hluti karla (74%), fólks sem ekki hefur barn á framfæri (64%) og fólks með uppruna frá Norður-Ameríku (73%), segir þetta vera eina af helstu ástæðunum. Undirbúningur fyrir annað nám er ein ástæða þess að fólk skráir sig til námsins hjá þriðjungi, en aðeins 14% fer í námið aðallega til þess að fá háskólagráðu.

Allir þátttakendur voru spurðir hversu vel eða illa námið hefði gagnast þeim. Langflest svöruðu að námið hafi gagnast sér vel, eða 72%. Um 23% svöruðu hvorki né. Aðeins 5% töldu að námið hefði gagnast sér illa. Athygli vekur að af þeim sem hætt hafa námi segja 68% að námið hafi gagnast sér vel.

Ein skýring á brotthvarfinu sem hefur verið nefnd meðal kennara og skipuleggjenda námsleiðarinnar er sú að lágt brautskráningarlutfall af námsleiðinni í gegnum árin skýrist hugsanlega af því að margir nemendur hefji námið til þess að öðlast tiltekna færni en ætli sér ekki að útskrifast. Í könnuninni voru þau spurð sem eru skráð í námið nú hvort þau stefni að því að ljúka því með BA gráðu (mynd 2).

Mynd 2

Stefnir þú á að ljúka náminu með BA gráðu? (Þau spurð sem nú eru skráð í námið)



Af þeim sem tóku afstöðu svöruðu fjórir af hverjum fimm (82%) spurningunni játandi og segjast stefna að því að útskrifast af námsleiðinni með BA gráðu. Ekki mældist marktækur munur á svörum við þessari spurningu eftir bakgrunnspáttum.

Þetta háa hlutfall sem stefnir að því að útskrifast frá námsleiðinni vekur athygli þar sem reynsla síðustu ára bendir til þess að aðeins 16% nemendanna muni útskrifast í raun að óbreyttu. Brautskráningarlutfallið í Íslensku sem öðru máli hefur haldist nokkuð stöðugt í kringum 16% frá árinu 2016. Markmið nemenda um útskrift er því ekki í samræmi við raunútkomu síðustu ára.


Skýringar nemenda á eigin brotthvarfi

Alls 18% þátttakenda sem nú eru skráð í námið svöruðu að þau stefni ekki að því að klára það með útskrift. Þau sem svöruðu þannig voru spurð um ástæður þess. Svarendur gátu merkt við fleiri en einn möguleika. Gefnir voru tíu möguleikar auk „annarrar ástæðu“ með opnum svarglugga fyrir frjálsan texta. Þau sem voru hætt námi fengu sömu spurningu með örlítið öðru orðalagi, eða: „Af hverju hættir þú í námi þínu í Íslensku sem öðru máli?“

Á mynd 3 má sjá samanburð á því hvað fólk valdi sem helstu ástæður. Rauðar súlur tákna fólk sem hefur hætt námi og bláar súlur fólk sem er enn þá í námi en hyggst ekki klára það með BA gráðu.

Mynd 3

Af hverju hættir þú í námi þínu í íslensku sem öðru máli? / Af hverju stefnir þú ekki / mögulega ekki / á að ljúka náminu með BA gráðu?



Af þeim sem eru í námi nefna flest skort á tíma (19%), en af þeim sem hafa hætt námi nefna flest óánægju með námið sjálft (17%) og vinnutengdar ástæður (16%). Athygli vekur að aðeins 9% þeirra sem eru hætt námi og 8% þeirra sem eru enn í námi telja ekki þörf á að klára námsgráðuna vegna þess að þau hafi þegar náð markmiðum sínum með náminu eða þurfi ekki að læra meira. Þetta lága hlutfall gefur til kynna að mikill meirihluti nemenda sem hætta fyrir útskrift geri það *ekki* vegna þess að þau telja sig hafa náð þeirri færni sem þau sóttust eftir. Þvert á móti er algengara að svarendur nefni þætti sem virðast koma í veg fyrir að þeim takist að halda áfram, svo sem skort á tíma, peningaleysi og vinnutengd mál, auk óánægju með námið sjálft. Einnig þarf að taka alvarlega og bregðast við þeim upplýsingum að hluti hópsins hættir námi vegna skorts á upplýsingum um skipulag og samsetningu námsins, og skorts á stuðningi skólans. Lítil hluti nemendanna hefur horfið í annað nám (6% og 11%) og er þetta hlutfall svipað og í öðrum námsgreinum á Hugvísindasviði (*Vöruhús – skýrslukerfi*).

Alls völdu 11–12% möguleikann „Önnur ástæða“ þar sem gefinn var möguleiki á svari með frjálsum texta. Í svörum þátttakenda kemur fram nánari útskýring á þeim hindrunum sem þau mættu eða óánægju þeirra með námið. Tvö þemu voru mest áberandi í svörunum og tengjast þau bæði skorti á sveigjanleika í náminu, annars vegar í daglegu skipulagi þess, og hins vegar varðandi áherslurnar í námsefninu sem leiði til þess að svarendur upplifi námið ekki nægilega gagnlegt fyrir sig eða að það tengist ekki reynsluheimi þeirra. Fyrri þemað varðar sérstaklega hversu erfitt reynist að samræma vinnu og nám.

Þema 1: „Námið er ekki miðað að fólki sem þarf að vinna“

Í fyrsta lagi benda svarendur ítrekað á hversu óheppilegt daglegt skipulag námsins sé fyrir þá sem eru í vinnu með námi, en það eru 65% nemenda. Þau nefna að stundaskráin sé óregluleg og mörg göt í henni þannig að tíminn nýtist illa og það sé erfiðara að samhæfa nám með vinnu: „Það var ómögulegt fyrir mig að gera hvort tveggja. Stundaskráin var stundum þannig að það voru tveir tímar á morgnana og tveir síðdegis. Það er ekki hægt að vera í alvöru starfi með þessu námi, jafnvel þó að samtals taki það ekki meira en um 15–20 klukkustundir á viku.“ Svarendur benda á ýmsar leiðir til að bæta þetta, til dæmis með því að raða kennslutímum á morgnana eða síðdegis, eða hafa þá saman í klösum á færri dögum: „Mér sýnist flestir vera eins og ég, ekki mjög ungir en hafa búið á Íslandi í smá tíma og þurfa að vinna því lífið á Íslandi er dýrt. Ég held það væri gott að finna leiðir til að fleiri geti mætt í tíma, til dæmis með fjarnámi eða þjappa námskeiðum á færri daga.“ Þá er ítrekað bent á það í svörunum hversu miklu máli þetta skiptir: „Þetta er stórt vandamál því sérstaklega í þetta tiltekna nám kemur fólk sem vill bæta stöðu sína, frekar en vegna akademísks áhuga.“ „Það er ótrúlega erfitt að ná að mæta í öll námskeiðin. Því miður er ekki mögulegt fyrir mig að vinna hlutastarf og vinnuveitandi minn er ekki tilbúinn til að hjálpa mér að komast í tíma.“ Enn fremur kemur fram skýrt ákall um möguleikann á fjarnámi, annars vegar frá þeim sem lýsa vinnuáðstæðum sínum og barnauppleði en sérstaklega frá þeim sem hafa þurft að flytja frá höfuðborgarsvæðinu og hætta námi þess vegna en langar að snúa aftur („ég er enn að hugsa um að byrja aftur“).

Sum nemendanna skýra brotthvarf sitt með því að lýsa hindrunum sem eru í raun ekki til staðar. Til dæmis nefndu nokkur að þau gætu hugsað sér að vera í hlutanámi, eða ljúka námi án þess að skrifa lokaritgerð, en hvort tveggja er vel mögulegt. Einnig kemur fram í svörunum að ekki vita öll að þau geta tekið aukagrein í öðru fagi, t.d. öðru tungumáli, á móti 120 einingum í Íslensku sem öðru máli, og lokið þannig gráðunni. Sumir lýsa erfiðleikum með að nálgast upplýsingar um þessa möguleika.

Svörin undirstrika ýmis sóknarfæri varðandi skipulag námsins til að sporna gegn brotthvarfi, svo sem möguleika á fjarnámi, breytt eða sveigjanlegra skipulag, og almennt aukinn sveigjanleika í námi. Einnig sýna svörin eindregið að bæta má upplýsingagjöf til nemenda um þá möguleika og úrræði sem þegar eru í boði.

Þema 2: Sveigjanleiki og aukið val í áherslum í námi

Í öðru lagi útskýra svarendur brotthvarf sitt með því að nefna áherslur í náminu sem höfðu ekki til þeirra og að þau gætu hugsað sér að hafa meira val í þessum efnum: „Þetta nám er aðallega til að búa fólk undir að verða þýðendur eða kennarar. Ég þarf ekki allar þessar upplýsingar (tvö ár í að læra hljóðfræði o.s.fv.). Ef það væri önnur leið til að klára BA gráðuna, til dæmis með meira praktískri eða samfélagslegri nálgun – þá myndi ég svo sannarlega vilja klára námið.“ Annar þátttakandi skrifaði: „Of mikið af málvísindum, bókmenntafræði, of lítið af tungumálinu sjálfu, ég vildi ekki halda áfram eftir tvö ár. Annars var þetta besti tíminn í lífi mínu, mjög skemmtilegt nám.“

Margir lýsa því að þau myndu vilja hafa meira val innan námsins („ef það bara væri annað endamarkið með náminu en að vera þýðandi eða kennari“) eða að þeim finnist áherslurnar þröngar og upplifi að þær tengist illa reynsluheimi þeirra: „Ef það væri mögulegt að velja að einblína minna á málfræði og meira á notkun málsins í víðum skilningi (á háu stigi)“ segir einn svarenda og annar að sér finnst „BA námið snúast um marga hluti sem eru ekki mjög praktískir“.

Svörin benda til þess að meira val á námsleiðinni gæti leitt til betri tengingar milli námsins og markmiða hvers nemanda, og þannig aukið helgum í námi.


Skipulag námsins og samfélagsleg tengsl

Niðurstöður þessarar þemagreiningar á svörunum við opnu spurningunni um hvers vegna nemendur hætta námi endurspeglast vel í svörunum við næstu spurningu í könnuninni. Bæði þau sem hætt hafa

námi og þau sem eru í náminu en ætla ekki að ljúka því með BA gráðu voru sérstaklega spurð hvort annað námsskipulag myndi auðvelda þeim að klára. Í svörum birtast skýr merki um að svo sé. Á mynd 4 má sjá að aðeins 13% svöruðu því neitandi að öðruvísi skipulag myndi auðvelda þeim að ljúka gráðunni. Svarendur gátu merkt við fleiri en einn möguleika. Gefnir voru fjórir svarmöguleikar auk opins svarglugga fyrir frjálsan texta með möguleikanum „Já, annað“.

Mynd 4

Myndi öðruvísi skipulag námsins auðvelda þér að ljúka gráðunni í Íslensku sem öðru máli?



Algengasta svarið við spurningunni „Myndi öðruvísi skipulag námsins auðvelda þér að ljúka gráðunni í Íslensku sem öðru máli“ var að fjarnám hefði hjálpað, en þriðjungur valdi þann möguleika. Tæpur fjórðungur sagði að það hefði verið gott að hafa kennslustundir síðdegis eða á kvöldin. Þá sagði fimmtungur að fjölbreyttari námsleiðir hefðu auðveldað sér að klára námið. Niðurstaðan bendir skýrt til þess að annað og/eða fjölbreyttara skipulag gæti rutt hindrunum úr vegi margra brotthvarfsnemenda og fjölbreyttari valmöguleikar á námsleiðinni gætu aukið líkur á að fleiri ljúki náminu með BA gráðu.

Um 11% völdu möguleikann „Já, annað“ við spurningunni um hvort öðruvísi skipulag námsins myndi auðvelda þeim að ljúka gráðunni. Þar var gefinn möguleiki á nánara svári. Það var einkum einn áberandi þráður í svörum þeirra þátttakenda sem nefndu eitthvað til viðbótar við svarmöguleikana fjóra sem myndi auðvelda þeim að ljúka gráðunni. Það var einkar athyglisvert að svörin beindust helst að vilja til meiri samfélagslegra tengsla og virkni í kennsluáðferðum og námsefni. Efni svaranna snýr fyrst og fremst að betri tengslum námsefnisins við félagslegan veruleika nemenda, en einnig að virkari og nemendamíðaðri kennsluháttum.

Svarendur gáfu til kynna að námsefnið mætti vera betur tengt reynsluheimi nemenda („ef námið væri betur tengt hversdagslífinu“; „ef námið væri meira praktískt, en ekki svona mikið teóretískt“) og að nemendur gætu fengið (eða valið) meira samfélagslega nálgun í náminu, og námsleiðir eða námsefni sem eru nær reynsluheimi þeirra: „meiri áhersla á tengingu við daglegt líf, fleiri námsleiðir sem hvetja til virkni, fleiri námsleiðir sem hjálpa manni að skilja samfélagið. Flestir nemendur eru ekki að stefna að því að vera kennarar heldur verða hluti af samfélaginu.“ Í mörgum svörum kom fram ósk um að það væri „meiri áhersla á praktíska notkun á íslensku“, eða meira jafnvægi á milli fræðilegrar nálgunar og praktískrar, og „kannski meira samfélagslega nálgun“. Þó að gera megi ráð fyrir að það sé misjafnt milli svarenda hvað nákvæmlega þau eiga við með „fræðilegt“ og „praktískt“ þá varða svörin öll þá upplifun svarenda að námsefnið sé oft fjarlæggt daglegum eða félagslegum veruleika þeirra. Nefnt var að það myndi hjálpa að námsleiðir og/eða kennsluáðferðir færðu nemendum „fleiri leiðir til að komast í virkt samband við samfélagið til að líða eins og hluti af því en ekki svona mikill útlendingur alltaf“. Einnig birtist í svörum ákall um meiri upplýsingagjöf og stuðning: „Ef upplýsingagjöf til nemenda væri skýrari og betri“, og að það væru „fleiri úrræði og bjargráð, inngildandi verkefni og viðburðir sem taka tillit til nemenda með fötlun“.

Þessi viðhorf lýsa tækifærum til að tengja námsefni greinarinnar í auknum mæli við reynslu og þekkingarheim nemenda, meðal annars með því að leggja enn meiri áherslu á nemendamiðaða kennsluhætti og virkar kennsluaðferðir, en þær aðferðir hafa reynst einar þær árangursríkustu til að virkja innri áhuga nemenda og ýta undir helgun í námi (Case og Marshall, 2009; Zepke, 2021).

Umræður

Þessi rannsókn hafði að markmiði að varpa ljósi á helstu ástæður mikils brotthvarfs meðal BA nemenda í Íslensku sem öðru máli. Niðurstöðurnar sýna að þó að mikill meirihluti nemenda ætli sér að útskrifast með gráðu og sé ánægður með námið þá standa ýmsar hindranir í vegi fyrir því. Þær varða helst námsskipulagið, skort á valmöguleikum á námsleiðinni og möguleikum á fjarnámi, ásamt vöntun á tengingu námsefnis við félagslegan veruleika nemenda.

Meginrannsóknarspurningin laut að því hvernig nemendur sem hafa hætt eða ætla að hætta í BA námi í Íslensku sem öðru máli skýra eigið brotthvarf. Þátttakendur sem eru hættir námi eða ætla að hætta nefna að helstu skýringarnar séu skortur á tíma, efnahagslegar og vinnutengdar ástæður ásamt óánægju með námið sjálft. Þrátt fyrir það telja um 70% af þeim sem hætta að námið hafi gagnast sér vel. Svarendur skýra brotthvarf sitt frekar með því að benda á að skortur á sveigjanleika í náminu sé hindrun fyrir þá sem vinna með námi, en það eru 65% nemenda. Þessir þættir varða fyrst og fremst skortinn á möguleikanum á fjarnámi, en varða einnig daglegt skipulag, svo sem stundaskrá. Svarendur nefna enn fremur áherslur í náminu sem þau töldu ekki gagnlegar fyrir sig, að námsefnið mætti vera betur tengt félagslegum veruleika þeirra og reynsluheimi, og að þau gætu hugsað sér að hafa meira val á námsleiðinni í þessum efnum.

Enn fremur sýna niðurstöðurnar að tækifæri séu til að tengja betur áherslurnar í náminu við reynslu, áhuga og markmið nemenda til að ýta undir helgun í námi (Zepke, 2021; Case og Marshall, 2009). Nemendur nefna sjálf að val um fjölbreyttari námsleiðir væri til bóta ásamt námsefni með meiri samfélagslegar áherslur heldur en málvísindalegar, eða hið minnsta aukið val á milli þessara áherslna svo að það myndist betri tenging milli námsefnis og markmiða hvers nemanda.

Rannsóknin miðaði einnig að því að kanna hvert væri markmið nemenda með náminu. Niðurstöður sýna að helstu ástæður þess að nemendur hefja námið eru vilji til að bæta stöðu sína í íslensku samfélagi og á vinnumarkaði, ásamt því að þau fara í námið vegna áhuga á íslensku. Mikið brotthvarf skýrist því ekki af því að margir ætli sér eingöngu að ná tiltekinni færni án þess að útskrifast. Yfirgnæfandi meirihluti nemenda (82%) vill ljúka náminu með BA gráðu, en fáum tekst það.

Undirmarkmið rannsóknarinnar var að kortleggja fjölbreytileika hópsins og afla betri upplýsinga um samsetningu hans, sem endurspeglast í rannsóknarspurningunum „hvað einkennir samsetningu nemendahópsins?“ og „er fylgni milli bakgrunnsþátta og brotthvarfs?“ Í ljós kom að hópurinn er töluvert ólíkur meðal grunnnemanum í íslenskum háskólum. Líkt og meðal grunnneminn hafa flestir BA nemendur í Íslensku sem öðru máli fasta búsetu á Íslandi og kynjaskipting og hlutfall þeirra sem eiga börn er svipað. Hins vegar er hinn dæmigerði BA nemandi í Íslensku sem öðru máli um áratug eldri en meðal grunnneminn og vinnur meira með námi. Fjölbreytileiki er mjög mikill hvað varðar móðurmál og uppruna. Nemendur koma frá öllum heimsálfum og tala fjöldamörg mismunandi móðurmál. Niðurstöður spurningakönnunarinnar sýna enga tölfræðilega marktæka fylgni milli neinna af bakgrunnsþáttunum (móðurmáls, aldurs, kyns, barna á framfæri, vinnu með námi, heimsálfu upprunlands, námsstöðu, skráningarárs í námið) og þess hversu líklegur nemandi er að ljúka námi eða hætta fyrir útskrift, mögulega að hluta til vegna fámennis í sumum hópanna.

Margbreytilegur nemendahópur af fjölbreyttum erlendum uppruna, eins og BA nemendur í Íslensku sem öðru máli, er oft mesta áskorunin varðandi brotthvarf (Thomas, 2021). Rannsóknir á framhaldsskólanemendum hafa enn fremur sýnt að þessir nemendahópar eru líklegri en aðrir til að búa að minna tengslaneti og samfélagslegum stuðningi (Eyrún María Rúnarsdóttir og Rúnar Vilhjálmsson, 2015; Ólöf Garðarsdóttir, Eyrún María Rúnarsdóttir og Guðjón Hauksson, 2022). Áhersla er

lögð á fjölbreytileika í nógildandi stefnu Háskóla Íslands og að sérstaklega sé stutt við nemendur af erlendum uppruna (Háskóli Íslands, 2021). Það má ætla að til að vinna gegn brotthvarfi í þessum hópi vegi nemendamiðaðar og inngildandi aðferðir í kennslu og skipulagi náms þyngra en meðal annarra nemendahópa háskólans. Það má líka gera ráð fyrir þörf á sterku utanumhaldi um nemendur umfram aðra hópa, ásamt sértækri ráðgjöf og eftirfylgni. Þá sýna niðurstöður að bæta megi upplýsingagjöf til nemenda um námið, samsetningu þess og möguleika, og þann fjölbreytta stuðning sem háskólinn býður nemendum sínum upp á. Til viðbótar hafa fjölmargar rannsóknir sýnt að einn mikilvægasti einstaki þátturinn sem spornar gegn brotthvarfi úr háskólanámi er að háskólanemum finnist þeir tilheyra námssamfélagi og skólanum sem stofnun (Aljohani, 2016; Thomas, 2012). Það er því mikilvægt að finna leiðir til að ýta undir öflugt og þroskað námssamfélag og tengslamyndun, ekki síst í fjarnámi þar sem getur verið nokkur áskorun að mynda sterkt námssamfélag (Stone, 2021).

Hvað varðar þá vinnu sem fram undan er við að þróa leiðir til að sporna gegn brotthvarfi við námsleiðina Íslensku sem annað mál gefur þessi könnun vísbendingar um að helstu sóknarfærin felist í auknu námsvali og sveigjanleika á grunni markmiða hvers nemanda, inngildandi kennsluáferðum og skipulagi (þar með töldu fjarnámi), markvissu utanumhaldi nemenda og öflugri upplýsingagjöf, ásamt því að styrkja enn frekar stöðir nemendamiðaðrar kennslu. Taka ber fram að nú þegar hefur námsval verið aukið lítillega á öðru og þriðja námsári og standa vonir til þess að hægt verði að auka það enn frekar eftir því sem nemendum fjölga. Áætlað er að bæta við fjarnámi á fyrsta ári BA leiðarinnar frá og með hausti 2024 og á öðru og þriðja ári 2025 og 2026. Þessar breytingar eru í góðu samræmi við niðurstöður þessarar rannsóknar og má vænta þess að brautskráningarhlutfallið aukist í kjölfarið þó að margt fleira þurfi að koma til. Mikill vöxtur er í nemendafjölda á námsleiðinni Íslensku sem öðru máli. Brotthvarf á sér flóknar skýringar og Tinto (2006) tekur vara við því að oft skorti úthald í mótvægiságerðum. Algengt sé að þær séu ekki framkvæmdar til fulls og stundum skorti stuðning innan menntastofnana, hvaðan enn heyrir raddir um að brotthvarf sé fyrst og fremst nemendavandamál og það eigi einfaldlega að síja þá frá sem ekki geti fylgt námsleiðunum eins og þær eru. Mikilvægt er að hafa í huga að sýnt hefur verið fram á með skýrum hætti að fjölbreytni í nemendahópi háskóla auki bæði gæði náms og nýsköpun, styrki orðspor hans og fjárhagsgrundvöll, og laði að öfluga nemendur og starfsfólk (Thomas, 2021).

Þakkir

Ég færi Kennslumálasjóði Háskóla Íslands og kennslumálanefnd háskólaráðs þakkir fyrir fjármagn og stuðning við þessa rannsókn, sem og Guðrúnu Geirsdóttur og samkennurum mínum, Gísla Hvanndal, Mirko Garofalo og Jóni Karli Helgasyni.

“I am still considering returning”: Attrition among university students in Icelandic as a Second Language

The study aimed to understand the significant attrition rates within the Icelandic as a Second Language BA programme at the University of Iceland, seeking clues for effective strategies to mitigate this issue. Since its establishment in 1989, the programme has seen a substantial increase in enrolment, growing from 65 students in 1990 to 287 in the 2023–24 academic year, marking a considerable growth. Despite this, the programme has faced challenges with retention, with a notable decrease in student numbers between successive years and an overall graduation rate lingering around 16 % since 2016, considerably lower than the university’s average undergraduate completion rate of 53 %.

This research is the first empirical survey targeting current and former students to elucidate why they decided to discontinue their studies prematurely. It also delves into the students’ initial objectives, their personal backgrounds, and how these factors might correlate with the attrition rates. The study’s findings unveil avenues for enhancement, particularly in revising procedural, organisational, and pedagogical aspects of the programme, anticipating the future expansion of the programme in light of Iceland’s growing foreign-origin population.

A questionnaire was distributed to all students who had enrolled in the programme over the past ten years (2013–2023), totalling 1,150 students. It addressed their reasons for studying, employment alongside their studies, dependents, how well or poorly the programme served them, and the language family of their mother tongue. Those students still in the programme were additionally asked about their intent to complete their BA degree. Respondents who had dropped out or intended to drop out without graduating were asked why and whether a different programme structure would have facilitated their completion. Furthermore, the participants were given the opportunity to answer open-ended questions with free text about the detailed reasons for their discontinuation of the programme or their lack of intent to complete it. The number of respondents was 431, resulting in a response rate of 37.5 %.

The data challenged the prevalent assumption that most students only intended to gain specific language proficiency without completing the degree, revealing that 82 % of current students aspire to graduate. However, the historical completion rate starkly contrasts with this ambition, underscoring the necessity for a more inclusive and flexible curriculum, especially accommodating students’ diverse backgrounds and needs.

Studies have shown that a diverse student body with various foreign backgrounds poses the greatest challenge to retention (Thomas, 2021). An inclusive curriculum and teaching methods are crucial, particularly regarding course organisation, student-centred teaching approaches, assessment, support, and information dissemination.

The participants cited time constraints, economic and work-related reasons, and dissatisfaction with the course itself as primary reasons for discontinuing their studies, although 70 % felt the programme was beneficial.

A significant portion of the free text feedback highlighted rigid scheduling and a lack of programme flexibility as major deterrents for students who discontinue their studies, particularly for students working alongside their studies. There was a significant demand for distance learning options, especially among those juggling employment and childcare or those who had relocated from the capital.

The responses also illuminated a desire for a more diverse and applicable curriculum. Many students expressed the need for course content that resonates more closely with the-

ir lived experiences and professional aspirations beyond the traditional roles of translators or teachers. This feedback suggests opportunities to enhance relevance and engagement in the programme.

In conclusion, the study not only sheds light on the complex factors contributing to student attrition but also highlights the potential for programme enhancements through increased flexibility, a more diverse curriculum, and stronger institutional support. Because the Icelandic as a Second Language programme is poised for further growth, these insights are invaluable for shaping a more inclusive, adaptable, and supportive educational environment that not only attracts but retains a diverse student body, ultimately enriching the academic and cultural fabric of the University of Iceland.

Keywords: Student retention, higher education, attrition, Icelandic as a Second Language.

Um höfund

Brynja Þorgeirsdóttir (brynjath@hi.is) er lektor í íslenskum bókmenntum við námsleiðina Íslenska sem annað mál í Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.

About the author

Brynja Þorgeirsdóttir (brynjath@hi.is) is an Assistant Professor of Icelandic Literature at the Department of Icelandic as a Foreign Language, Faculty of Icelandic and Comparative Cultural Studies, University of Iceland.

Heimildir

- Aljohani, O. (2016). A review of the contemporary international literature on student retention in higher education. *International Journal of Education and Literacy Studies* 4(1), 40–52.
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology* (3), 77–101.
- Case, J. M. og Marshall, D. (2009). Approaches to learning. Í M. Tight et al. (ritstj.), *The Routledge International Handbook of Higher Education* (bls. 9–21). London: Routledge.
- Eurostudent Database (Data Reporting Module). *German Centre for Higher Education Research and Science Studies* (DZHW). Sótt á <https://database.eurostudent.eu/drm/>
- Eyrún María Rúnarsdóttir og Rúnar Vilhjálmsson. (2015). Ethnic differences in youth well-being: The role of sociodemographic background and social support. *Scandinavian Journal of Public Health*, 43(6), 580–587.
- Faculty of Icelandic and Comparative Cultural Studies. (2018). *Self-Review Report*. Reykjavík: University of Iceland, School of Humanities.
- Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. (2022). *Staða og þróun í málefnum innflytjenda*. Skýrsla félags- og vinnumarkaðsráðherra.
- Háskóli Íslands. (2018). *Stefna Háskóla Íslands um gæði náms og kennslu 2018–2021*. Sótt á https://www.hi.is/sites/default/files/petura/7a_stefna_hi_um_gaedi_nams_og_kennslu_2018-2021_-_26okt18_end.pdf
- Háskóli Íslands. (2021). *HÍ 26. Stefna Háskóla Íslands 2021–2026. Betri háskóli, betra samfélag*. Sótt á <https://stefna.hi.is/>
- Heiður Hrunn Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2008). *Könnun á meðal skráðra nemenda Háskóla Íslands sem hætt hafu námi: Skýrsla unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands*. Sótt á https://fel.hi.is/sites/fel.hi.is/files/2020-08/konnun_a_medal_skradra_nemenda_hi_sem_h%C3%A6tt_hafa_nami.pdf

„Ég er enn að hugsa um að byrja aftur“: Ástæður brotthvarfs meðal háskólanema í Íslensku sem öðru máli

- Helgi Guðmundsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (2023). *Könnun á gæðum náms við Háskóla Íslands. Íslensku- og menningardeild – Þriðja árs grunnnemar*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir Háskóla Íslands. *HÍ í tölum*. Háskóli Íslands. Sótt á: https://www.hi.is/kynningarefni/hi_i_tolum
- Íslensk málnefnd. (2023). *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2023. Íslenska í fjölmenningsarsamfélagi*. Sótt á <https://islenskan.is/wp-content/uploads/2023/09/ALYKTUN-2023.pdf>
- Magnús Þór Torfason og Margrét Sigrún Sigurðardóttir. (2017). Tengslanet nemenda og brottfall úr háskólanámi. *Netla: Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt á <https://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/07.pdf>
- Mann, S. J. (2001). Alternative perspectives on the student experience: Alienation and engagement. *Studies in Higher Education* (26), 7–19.
- Margrét S. Björnsdóttir. (2013). *Samstarf kennara og nemenda Stjórn málafræðideildar um bættu ástundun, náms- og kennslumenningu og árangur 1. árs nema í stjórn málafræði*. Skýrsla til rektors og kennslumálanefndar Háskóla Íslands.
- Ólöf Garðarsdóttir, Eyrún María Rúnarsdóttir og Guðjón Hauksson. (2022). Alþjóðlegur bakgrunnur, skólasókn og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum 2001–2021. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérrið 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérrið til heidurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessors emeritus*. Sótt á https://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs_jon_torfa/07.pdf
- Shah, M., Kift, S., og Thomas, L. (ritstj.). (2021). *Student Retention and Success in Higher Education: Institutional Change for the 21st Century*. Cham: Palgrave Macmillan.
- Skýrsla nefndar um inntöku nýnema og aðgerðir gegn brottfalli úr námi*. (2008). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Stefán Þór Gunnarsson. (2023). *Brottfall nemenda í námsleiðinni Íslenska sem annað mál. Skýrsla unnin fyrir Íslensku- og menningardeild*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stone, C. (2021). Improving student engagement, retention and success in online learning. Í M. Shah, S. Kift og L. Thomas (ritstj.), *Student Retention and Success in Higher Education: Institutional Change for the 21st Century* (bls. 167–190). Cham: Palgrave Macmillan.
- Thomas, L. (2012). *Building student engagement and belonging in Higher Education at a time of change: A summary of findings and recommendations from the What Works? Student Retention and Success programme*. London: Paul Hamlyn Foundation.
- Thomas, L. (2021). Student retention: The need for institutional change. Í M. Shah, S. Kift og L. Thomas (ritstj.), *Student Retention and Success in Higher Education: Institutional Change for the 21st Century* (bls. 41–62). Cham: Palgrave Macmillan.
- Tinto, V. (1975). Dropouts from higher education: A theoretical synthesis of recent research. *Review of Educational Research*, 45, 89–125.
- Tinto, V. (1987). *Leaving college: Rethinking the causes and cures of student attrition* (1st Ed.). Chicago: University of Chicago Press.
- Tinto, V. (2006). Research and practice of student retention: What next? *Journal of College Student Retention: Research, Theory and Practice* 1, 1–19.
- Vöruhús – skýrslukerfi*. Kennsluvið Háskóla Íslands. Sótt á: <https://ugla.hi.is/mimir/>
- Zepke, N. (2021). Student engagement: Key to retaining students. Í M. Shah, S. Kift og L. Thomas (ritstj.), *Student Retention and Success in Higher Education: Institutional Change for the 21st Century* (bls. 63–88). Cham: Palgrave Macmillan.
- Þingskjal nr. 1750/2019. *Þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi*. Sótt á <https://www.althingi.is/altext/149/s/1750.html>



Brynja Þorgeirsdóttir (2024).

„Ég er enn að hugsa um að byrja aftur“: Ástæður brotthvarfs meðal háskólanema í Íslensku sem öðru máli
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2024/alm/07.pdf>

DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2024/7>